



Fréttatilkynning

20 January 2025 09:33:00 GMT

Arion banki: Drög að uppgjöri 4F 2024 – afkoma nemur um 8,3 milljörðum króna sem er yfir spám greinenda

Drög að uppgjöri Arion banka fyrir fjórða ársfjórðung 2024 liggja nú fyrir og samkvæmt þeim er afkoma fjórðungsins um 8,3 milljarðar króna sem leiðir til 13,2% arðsemi eiginfjár á árinu 2024. Afkoma fjórðungsins er um 28% yfir meðaltalsspá greiningaraðila.

Munurinn liggur helst í betri afkomu af verðbréfum samstæðunnar og jákvæðari virðisbreytingu lánabókar en greiningaraðilar gera almennt ráð fyrir.

Tekjur af kjarnastarfsemi, samanlagðar hreinar vaxtatekjur, hreinar þóknunatekjur og hreinar tekjur af tryggingastarfsemi, eru að mestu í takt við spár greiningaraðila.

Uppgjörið fyrir fjórða ársfjórðung 2024 er enn í vinnslu og kann því að taka breytingum fram að birtingardegi þann 12. febrúar nk.

Spár greiningaraðila er að finna [hér](#)

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengsl Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s. 856 7108.

Þessar upplýsingar eru birtar í samræmi við upplýsingaskyldu Arion banka hf. skv. reglugerð Evrópusambandsins um markaðssvik (MAR), þann 2025-01-20 09:33 GMT.

Viðhengi

[Arion banki: Drög að uppgjöri 4F 2024 – afkoma nemur um 8,3 milljörðum króna sem er yfir spám greinenda](#)